

ENDURSKOÐENDARÁÐ

Skýrsla um störf endurskoðendaráðs 2019

Störf endurskoðendaráðs á árinu 2019

Inngangur

Endurskoðendaráð er eftirlitsaðili með störfum endurskoðenda og er verksvið ráðsins skilgreint í V. kafla laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Þau lög tóku gildi 1. janúar 2009 og með þeim var innleidd áttunda félagaréttartilskipun Evrópuráðsins. Hlutverk endurskoðendaráðs skv. 15 gr. laganna er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna.

Nánar tiltekið ber endurskoðendaráði að:

- Fylgjast með því að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar.
- Fylgjast með því að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun.
- Sjá til þess að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja fari fram.
- Sjá til þess að siðareglur og endurskoðunarstaðlar séu til.

Endurskoðendaráð hafði samkvæmt lögum það hlutverk að fylgjast með að endurskoðendur uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006. Þann 1. janúar 2019 tóku gildi lög nr. 140/2019 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, en samkvæmt þeim er það hlutverk ríkisskattstjóra að hafa eftirlit með því að endurskoðendur starfi í samræmi við ákvæði framangreindra laga. Þrátt fyrir að eftirlitið væri fært frá ráðinu átti fulltrúi endurskoðendaráðs sæti í stýrihópi um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og aðstoðaði ríkisskattstjóra við úttektir frá áramótum og fram til 1. júní 2019. Þá gerði endurskoðendaráð samstarfssamning við ríkisskattstjóra vegna eftirlits með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Endurskoðendaráð heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og skipar ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fimm menn í ráðið til fjögurra ára í senn. Þrír nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu en tveir skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Núverandi endurskoðendaráð var skipað í maí 2017, en sömu einstaklingur voru skipaðir sem aðalmenn og varamenn og skipaðir voru í ráðið í maí 2013. Í ráðinu sitja Áslaug Árnadóttir, formaður, Þórður Reynisson, Pálína Árnadóttir, Jóhann Unnsteinsson og Hildur Árnadóttir. Varamenn eru Elmar Hallgríms Hallgrímsson, Elva Ósk Wium, Krístrún Helga Ingólfadóttir, Ólafur Gestsson og Brynja Halldórsdóttir. Starfsmenn endurskoðendaráðs á árinu voru Nína Guðríður Sigurðardóttir lögmaður og Salka Sól Styrmisdóttir lögfræðingur.

Endurskoðendaráð hélt 10 fundi á árinu 2019 auk ýmissa samráðsfunda með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE).

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu málum sem komu til umfjöllunar og afgreiðslum ráðsins á árinu:

Gæðaeftirlit

Mikilvægasta og umfangsmesta verkefni endurskoðendaráðs er að sjá um að fram fari gæðaeftirlit með þeim störfum endurskoðenda sem falla undir ákvæði laganna um endurskoðendur nr. 79/2008, en samkvæmt 22. gr. laganna er endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Þá er endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Gæðaeftirlit 2019

Undirbúningur gæðaeftirlits 2019 hófst í byrjun árs 2019. Endurskoðendur sem sæta skyldu eftirliti voru valdir með tilviljanakenndu úrtaki. Alls voru send út 82 boðunarbréf, flest um miðjan maí 2019. Af þessum 82 boðunarbréfum voru 6 send um miðjan júní vegna sameiginlegrar áritunar. Fellt var niður gæðaeftirlit hjá einum endurskoðanda vegna sérstakra aðstæðna.

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 15. júlí 2019, fól endurskoðendaráð Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE) að annast gæðaeftirlit 2019 í samræmi við 13. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008. Gæðaeftirlitsmenn voru tilnefndir af FLE og var valið staðfest af endurskoðendaráði þann 22. ágúst 2019.

Af þeim 82 endurskoðendum sem boðaðir voru í eftirlit voru 31 sem árituðu endurskoðunarverkefni vegna reikningsársins 2018. Var þeim gert að sæta gæðaeftirliti árið 2019 vegna reikningsársins 2018. Vegna sameiginlegrar áritunar voru verkefnin sem sættu gæðaeftirliti færri eða samtals 22.

Framkvæmd gæðaeftirlits hófst í september 2019. Lauk framkvæmdinni að mestu fyrir lok ársins 2019. Endurskoðendaráð mun taka saman skýrslu um niðurstöður gæðaeftirlitsins og birta á heimasíðu ráðsins þegar endanlegar niðurstöður liggja fyrir.

Gæðaeftirlitið byggðist eins og undanfarin ár á reglum um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda, nr. 712/2015, sbr. reglur 822/2017, og var gæðaeftirlit framkvæmt samkvæmt öllum gátlistum sem fylgja reglunum. Var gæðaeftirlit samkvæmt gátlista 5 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka framkvæmt í umboði ríkisskattstjóra á grundvelli samstarfssamnings endurskoðendaráðs og ríkisskattstjóra.

Ábyrgðartryggingar

Árleg eftirfylgni

Á grundvelli 6. gr. laga um endurskoðendur ber endurskoðendum að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu og skulu þeir senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um gilda tryggingu fyrir 15. janúar ár hvert. Kröfur laga um að endurskoðendur hafi gilda starfsábyrgðartryggingu eru ófrávíkjanlegar og þeir sem ekki hafa slíka tryggingu uppfylla ekki skilyrði til að hafa réttindi sem endurskoðendur.

Þann 5. apríl 2019 fékk endurskoðendaráð þær upplýsingar frá FLE að allir endurskoðendur með virk réttindi nema einn væru með staðfesta starfsábyrgðartryggingu frá tryggingarfélögum. Staðfesting á váttryggingu umrædds endurskoðanda barst þann 8. apríl 2019.

Uppsögn starfsábyrgðartrygginga

Komi til þess að lögbundinni starfsábyrgðartryggingu endurskoðanda sé sagt upp tilkynnir viðkomandi váttryggingafélag það til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Sendir ráðuneytið upplýsingarnar svo áfram til endurskoðendaráðs.

Endurskoðendaráð fékk nokkurn fjölda tilkynninga frá ráðuneytinu um að starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda væru ekki lengur í gildi hjá viðkomandi váttryggingafélagi. Endurskoðendaráð óskaði í kjölfarið eftir staðfestingu á því frá viðkomandi endurskoðanda um að hann hefði aflað sér fullnægjandi ábyrgðartryggingar hjá öðrum váttrygginganda. Bárust slíkar staðfestingar í öllum tilvikum að þeim undanskildum þegar endurskoðandi hafði ákveðið að leggja inn réttindi sín.

Endurmenntun

Samkvæmt 7. gr. laga um endurskoðendur er endurskoðendum skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skal endurmenntun að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Í gildi eru reglur um endurmenntun nr. 30/2011 þar sem kveðið er á um það hvað teljist til endurmenntunar.

Í reglunum kemur meðal annars fram að fyrsta þriggja ára endurmenntunartímabil samkvæmt 7. gr. laga nr. 79/2008 hefjist 1. janúar 2010, hjá þeim sem hlutu löggildingu árið 2009 eða fyrr, sbr. ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 79/2008. Öðru endurmenntunartímabilinu lauk því 31. desember 2015 og því þriðja 31. desember 2018. Því fjórða mun ljúka 31. desember 2021.

Félag löggiltra endurskoðenda hefur haldið utan um endurmenntun félagsmanna sinna og senda félagsmenn upplýsingar um endurmenntun sína til félagsins. Snemma árs 2019 sendi félagið ráðinu upplýsingar um endurmenntun félagsmanna á árinu 2018. Ráðið fylgdi málinu eftir gagnvart þeim þremur aðilum sem ekki höfðu lokið tilskildum fjölda endurmenntunareininga með því að óska eftir skýringum frá þeim vegna fjölda endurmenntunareininga. Höfðu tveir

þeirra þegar óskað eftir því að leggja inn réttindi sín, en endurskoðendaráð hafði, þegar erindið þess hafði borist, tilkynnt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að mál væri opið gagnvart þeim. Sá þriðji upplýsti endurskoðendaráð um að hann hygðist leggja inn réttindi sín.

Ný lög um endurskoðendur og endurskoðun

Ný lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 voru samþykkt á Alþingi þann 20. júní 2019, en lögin taka gildi 1. janúar 2020. Hafa lögin mikil áhrif á fyrirkomulag eftirlits með endurskoðendum. Leggst starfsemi núverandi endurskoðendaráðs af, en nýtt þriggja manna endurskoðendaráð verður skipað. Þá munu öll eftirlitsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Félags löggiltra endurskoðenda flytjast til endurskoðendaráðs.

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Ný lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, voru samþykkt á Alþingi í lok árs 2018 og tóku gildi 1. janúar 2019. Með frumvarpinu var innleidd fjórða peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins (2015/849/EB) og valin ákvæði úr fimmtu peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins (2018/843/EB).

Samkvæmt lögnum fer ríkisskattstjóri með eftirlit með öllum tilkynningarskyldum aðilum sem ekki falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt eldri lögum fór endurskoðendaráð með slíkt eftirlit með endurskoðendum. Þrátt fyrir að eftirlit hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hafi verið fært frá endurskoðendaráði til ríkisskattstjóra var kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði að fulltrúi endurskoðendaráðs sæti í stýrihópi um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og aðstoðaði ríkisskattstjóra við úttektir frá gildistöku laganna og fram til 1. júní 2019.

Endurskoðendaráð framkvæmdi gæðaeftirlit samkvæmt gátlista 5 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í umboði ríkisskattstjóra á grundvelli samstarfssamnings endurskoðendaráðs og ríkisskattstjóra.

Á fundi ráðsins 2. apríl 2019 var áhættumat vegna endurskoðenda sem unnið var af stýrihóp á vegum dómsmálaráðuneytisins kynnt fyrir ráðinu og var áhættumatið rætt á fundi ráðsins.

Notkun orðsins endurskoðun eða endurskoðandi í starfs- eða firmaheiti.

Í 6. mgr. 4. gr. laga um endurskoðendur kemur fram að öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sé óheimilt að nota orðin endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheiti sínu. Þá sé óheimilt að vekja þá trú að aðili sé endurskoðandi með notkun starfsheitis, firmanafns eða með öðrum misvísandi hætti, ef hann er það ekki.

Á árinu bárust endurskoðendaráði bæði ábendingar um að fyrirtæki sem ekki væru endurskoðunarfyrirtæki væru tilgreind sem slík á nánar tilgreindum vefsíðum og að einstaklingar titluðu sig sem endurskoðendur þrátt fyrir að hafa ekki löggildingu.

Ráðið fjallaði um framangreint bæði í tengslum við gæðaeftirlit og með því að senda viðkomandi aðilum bréf og óska eftir því að fyrirtækin notuðust ekki við orðin endurskoðun í firmaheiti sínu svo ekki væri farið gegn lögum um endurskoðendur. Brugðist var við ábendingum ráðsins og lauk endurskoðendaráð afgreiðslu málanna á árinu.

Samskipti við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

Endurskoðendaráð átti ýmis samskipti við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á árinu varðandi málefni endurskoðenda. Þannig var t.a.m. mikil aukning í umsókn og skráningu fyrirtækja sem endurskoðunarfyrirtækja, í kjölfar þess að ný lög um endurskoðendur voru samþykkt. Fékk endurskoðendaráð fjölda erinda frá ráðuneytinu þar sem ráðið var upplýst um skráningu viðkomandi fyrirtækja.

Endurskoðendaráð ákvað í byrjun árs 2019 í svari við bréfi frá ráðuneytinu að benda ráðuneytinu á að afleiðingar þess að leggja inn réttindi sín væru ekki í námunda við þau sem fælust í því þegar endurskoðendur væru sviptir réttindum sínum. Ákvað ráðið þetta í kjölfar þess að endurskoðandi óskaði eftir því að fá að leggja inn réttindi sín þegar endurskoðendaráð hafði þá þegar lagt til við ráðherra að viðkomandi yrði sviptur þeim.

Erindi til ráðsins

Ýmis erindi og ábendingar bárust ráðinu á árinu 2019 og hlutu sum þeirra endanlega afgreiðslu, en ekki náðist að ljúka afgreiðslu allra mála fyrir áramót. Munu þau mál sem eru til umfjöllunar flytjast til nýs endurskoðendaráðs sem skipað verður á grundvelli laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Við meðferð allra mála hjá ráðinu var sérstaklega gætt að reglum stjórnslulaga um vanhæfi nefndarmanna þannig að varamenn voru kallaðir til eftir aðstæðum hverju sinni.

Álit umboðsmanns Alþingis

Í janúar 2019 kvartaði einstaklingur yfir úrskurði endurskoðendaráðs frá 9. nóvember 2018 í máli nr. 2017.001 sem kveðinn var upp í tilefni af kæru hans. Kvartandi byggði á því að aðrir nefndarmenn endurskoðendaráðs, en þeir sem þegar höfðu talið sig vanhæfa til þess að taka þátt í meðferð málsins, væru jafnframt vanhæfir. Umboðsmaður afmarkaði athugun sína við það hvort mat nefndarmanna á hæfi sínu hafi verið í samræmi við 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Var það niðurstaða umboðsmanns að mat á hæfi aðalmanna í endurskoðendaráði til meðferðar málsins hafi ekki verið í samræmi við 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga og mæltist hann til

Þess að endurskoðendaráð tæki mál viðkomandi til meðferðar að nýju bærisk beiðni þess efnis frá honum.

Endurskoðendaráð ræddi álit umboðsmanns á fundi sínum 26. nóvember. Þá hafði jafnframt borist beiðni frá viðkomandi um endurupptöku málsins. Í ljósi álits umboðsmanns Alþingis var það mat ráðsmanna að allir starfandi aðalmenn endurskoðendaráðs væru vanhæfir til að fjalla um málið og var starfsmanni ráðsins falið að koma málinu til varamanns formanns.

Áminningar og tillögur um sviptingu réttinda

Endurskoðendaráð lagði í eitt skipti fram rökstutt álit um sviptingu réttinda endurskoðenda til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á árinu 2019. Var lagt til að ráðherra myndi svipta viðkomandi endurskoðanda réttindum sínum vegna ítrekaðra brota gegn lögum um endurskoðendur nr. 79/2008.

Vegna málsins sendi ráðuneytið endurskoðendaráði bréf sumarið 2019 og óskað eftir umsögn ráðsins um beiðni viðkomandi endurskoðanda um að fá að sæta gæðaeftirliti. Endurskoðendaráð svaraði ráðuneytinu svo að viðkomandi endurskoðandi hefði ítrekað lofað því að sæta eftirliti en ekki við það staðið og því væri afstaða endurskoðendaráðs ekki breytt. Erindið hefur ekki verið afgreitt af ráðuneytinu.

Þá áminnti endurskoðendaráð einn endurskoðanda á árinu vegna brota á lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 en viðkomandi endurskoðandi neitaði að sæta gæðaeftirliti.

Óvissa um túlkun laga um ársreikninga

Á árinu óskaði Félag löggiltra endurskoðanda eftir álitum endurskoðendaráðs á því hvort ákvæði laga mæltu fyrir um að endurskoðun tæki til skýrslu stjórnar eða ekki. Endurskoðendaráð ákvað að skoða málið og var starfsmanni og formanni ráðsins falið verkið.

Eftir nokkra umfjöllun var það niðurstaða endurskoðendaráðs að óvissa væri uppi um túlkun laganna og sendi ráðið í kjölfarið erindi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem bent var á að brýnt væri að eyða óvissunni. Lagði endurskoðendaráð fram tillögu um breytingar á lögum sem ráðið taldi fallna til að eyða framangreindum vafa um túlkun laga. Afrit af bréfinu var sent til FLE.

Ríkisendurskoðandi

Endurskoðendaráð fjallað á árinu 2019 nokkuð um áritun ríkisendurskoðanda og fundaði ráðið með ríkisendurskoðanda vegna málsins.

Ársreikningaskrá


Endurskoðendaráð átti í góðu samstarfi við ársreikningaskrá á árinu en bæði komu frá ársreikningaskrá ábendingar sem endurskoðendaráð tók til frekari skoðunar og þá sendi ráðið í einhverjum tilfellum ábendingar til ársreikningaskrár.

Önnur mál

Meðal annarra starfa endurskoðendaráðs á árinu má telja eftirfarandi:

- Upplýsingar veittar ráðuneytinu vegna innlagna endurskoðenda á réttindum sínum.
- Ákveðið að hefja sérstaka skoðun í kjölfar ábendingar um ársreikning tiltekins félags.
- Að upplýsa þá sem leita til ráðsins þegar mál falla ekki undir hlutverk endurskoðendaráðs. Ráðinu bárust nokkur mál á árinu 2019 þar sem ágreiningur sneri að öðru en lögum um endurskoðendur eða siðareglum endurskoðenda. Vísaði ráðið þessum málum frá og leiðbeindi viðkomandi hvert leita skyldi.
- Ráðið tók fyrir undanþágubeiðni einstaklings vegna skilyrðis um meistaranám.
- Svör við bréfum endurskoðenda vegna skilgreiningar endurskoðendaráðs á því hvers konar verkefni falli undir gæðaeftirlit.

30. desember 2019.



Áslaug Árnadóttir formaður